

Föstudaginn 2. október 1981.

Nr. 166/1981. **Steinborg h/f**  
 gegn  
**póstgíróstofunni.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Steinborg h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Föstudaginn 2. október 1981.

Nr. 204/1981. **Ákærvaldið**  
 gegn  
**Helga Hóseassyni.**

Kærumál. Kröfu um gæsluvarðhald synjað.  
 Geðheilbrigðisrannsókn.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 25. september 1981, sem barst Hæstarétti 28. s. m. Krefst hann þess, að úrskurður sakadóms um, að varnaraðili skuli sæta geðheilbrigðisrannsókn, verði staðfestur og að honum verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 2. desember 1981.

Af hálfu varnaraðilja er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar að öðru leyti en því, að kröfu um, að varnaraðili

verði látinn sæta geðheilbrigðisrannsókn, verði synjað eða vísað frá dómi. Krafist er kærúmálskostnaðar af hans hálfu.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal álitserð Ólafs Grímssonar læknis 31. október 1972 um geðheilbrigði varnaraðilja.

Rannsóknarnauðsynjar bera eigi til að láta varnaraðilja sæta gæsluvarðhaldi, og háttsemi hans þykir eigi vera þess eðlis, að ástæða sé að öðru leyti til að beita gæsluvarðhaldi.

Í framangreindri álitserð Ólafs Grímssonar læknis skilgreinir hann geðheilbrigði varnaraðilja þannig:

„Paranoia querulans. Personalitas paranoides“.

Með hliðsjón af gögnum máls þykir rétt, að varnaraðili sæti geðheilbrigðisrannsókn að nýju.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til um þau atríði hans, sem kærð hafa verið.

Kærúmálskostnaður verður ekki dæmdur.

#### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður að því er varðar geðheilbrigðisrannsókn og synjun á kröfu um gæsluvarðhald.

#### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. september 1981.

Ár 1981, föstudaginn 25. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í fangelsinu að Síðumúla 28 af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins gerði í gær kröfu um, að Helgi Hóseasson, fæddur 21. nóvember 1919, Skipasundi 48, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi og geðrannsókn vegna gruns um brot gegn 177. gr. og 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga. Í greinargerð rannsóknarlögreglu ríkisins er nánari grein gerð fyrir kröfunum, og þykir rétt að taka hana orðrétt upp. Greinargerðin er svohljóðandi:

„Kærði var handtekinn af lögreglu í gærmorgun, þar sem hann var að sletta svörtum þykkum vökva, sennilega tjöru, á stjórnarráðshúsið, suður- og vesturhlíð. Í lögregluskýrslu hefur lögregla eftir kærða, að hann væri að mótmæla því, að nafn hans væri skráð í Þjóðskrá.“

Kærði hefur ekki viljað tjá sig við rannsóknaraðila og var skoðaður af fangelsislækni í gær.

Kærði hefur samtals fimm sinnum verið kærður fyrir samþærligan verknað á árunum 1972—1976, og voru þau gögn send frá sakadómi Reykjavíkur til ríkissaksóknara á miðju sumri 1980.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og meðfylgjandi rannsóknargagna er þess krafist með vísan til 5. töl. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til 2. desember 1981 svo og til að sæta rannsókn á geðheilbrigði sinni og sakhæfi, sbr. 75. gr., 2. mgr. 2. töl., d-liðs, sömu laga. Verði skilyrði til gæsluvarðhalds eigi talið vera fyrir hendi, er þess krafist með vísan til fyrrgreinds ákvæðis 75. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. og 69. gr., 4. töl., sömu laga, að kærði verði úrskurðaður til geymslu á Kleppsspítalanum í Reykjavík og að yfirlæknum Kleppsspítalans verði með úrskurði dómsins lýst rétt og skylt f. h. sjúkrahússins að annast geðheilbrigðisrannsókn á kærða og vistun hans á Kleppsspítalanum, meðan á þeirri rannsókn stendur.“

Samkvæmt rannsóknargögnum málsins var kærði staðinn að verki við að sletta tjörukenndu efni á vegg Stjórnarráðshússins við Lækjargötu hinn 23. þ. m. Er í skýrslu lögreglu haft eftir honum, að hann væri með þessu að „mótmeला því, að nafn hans væri skráð í Þjóðskrá, og einnig tók hann fram, að hann æti ekki úldið hrossakjöt.“ Kærði var færður í fangageymslu lögreglunnar, en síðan í fangelsið við Síðumúla, og þurfti að flytja hann þangað á börum, þar sem hann neitaði að ganga. Rannsóknarlögreglumenn reyndu samdægurs að ræða við kærða í fangaklefa hans, en hann svaraði þeim engu.

Samkvæmt ósk rannsóknarlögreglu ríkisins var reynt að flytja kærða heim til hans um kl. 1930 þann 23. þ. m. Hafði honum áður verið skýrt frá því, að hann væri frjáls ferða sinna, en hann neitaði að yfirgefa fangelsið. Er lögreglumenn hugðust leggja kærða á börur í því skyni að flytja hann heim til hans, sló hann ítrekað til þeirra, og var þá í samráði við Arnar Guðmundsson, deildarstjóra hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, og eftir að Guðsteinn Þengilsson læknir hafði litið á kærða, ákveðið að láta hann dvelja áfram í fangelsinu fyrst um sinn. Í vottorði læknisins, dags. 23. þ. m., segir, að kærði sé í mótþróaástandi og eiginlegri skoðun hafi ekki orðið við komið, en hann sé að mati læknisins ekki í lífshættulegu ástandi.

Dómarinn kynnti kærða í gær kröfugerð rannsóknarlögreglu ríkisins svo og rétt hans til þess að fá sér skipaðan réttargæslumann, og enn fremur var borið undir hann kæruefnið. Var dómþingið háð í klefa kærða í fangelsinu við Síðumúla, þar sem hann lá út af, fáklæddur, en hann fékkst ekki til þess að segja nokkurt orð.

Kröfugerð rannsóknarlögreglu ríkisins er margþætt, og verður nú vikið að hverjum þætti fyrir sig.

Svo sem að framan greinir, er í greinargerð rannsóknarlögreglu ríkisins vísað til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að því er varðar kröfu um gæsluvarðhald. Samkvæmt rannsóknargögnum, sem liggja frammi, braut kærði 5 rúður í Alþingishúsinu þann 2. nóvember 1976. Hinn 22. ágúst 1975 ataði hann tjöru á Alþingishúsið, en hinn 14. júlí 1975 hvítri málningu. 17. júní 1974 ataði kærði Stjórnarráðshúsið tjöru. Í endurriti úrskurðar um gæsluvarðhald og geðrannsókn á hendur kærða, uppkveðnum 18. júní 1974, kemur fram, að kærði jós skyri yfir forsetahjónin, ráðherra, biskup og alþingismenn hinn 10. október 1972. Ekki er kunnugt um, að höfðað hafi verið mál á hendur kærða vegna þessara brota.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að kærði hafi sætt kær-um eftir 2. nóvember 1976 þar til nú. Þá verður heldur eigi séð af fyrirliggjandi gögnum eða í gögnum dómsins, að kærði hafi hlotið refsidóm, a. m. k. eftir árið 1971. Þykja því ekki vera skilyrði til þess að beita kærða gæsluvarðhaldi samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Þá þykja 2.—4. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. heldur ekki eiga hér við.

Verður nú vikið að kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um geðheilbrigðisrannsókn, áður en fjallað verður um 1. tl. 1. mgr. 67. gr.

Í gögnum málsins kemur fram, að kærði sætti geðheilbrigðisrannsókn í október 1972, en skýrsla um hana fylgir þó ekki gögnum málsins nú. Með úrskurði, uppkveðnum 18. júní 1974, var kærða á ný gert að undirgangast slíka rannsókn, en hún mun þó aldrei hafa farið fram.

Með hliðsjón af broti því, sem kærði er grunaður um, og framkomu hans, eftir að hann var handtekinn, svo og með vísan til d liðar 2. tl. 2. mgr. 75. gr. laga nr. 74/1974, sbr. lög 107/1976, þykir rétt að ákveða, að kærði skuli sæta rannsókn á andlegri heilbrigði sinni.

Í greinargerð rannsóknarlögreglu ríkisins er ekki vikið að

1. t. l. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 í sambandi við kröfu um gæsluvarðhald. Ekki verður séð, að kærði eigi þess kost að spilla sakargögnum, enda þótt hann haldi óskertu frelsi sínu, en hugsanlegt er þó, að hann gæti torveldað rannsókn málsins með því að koma sér undan geðrannsókn. Á hinn bóginn er þess að gæta, að geðrannsókn sú, sem honum var gert að sæta með úrskurði þann 18. júní 1974, gat ekki farið fram á venjulegan hátt, á meðan hann sætti gæsluvarðhaldi í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, vegna líkamlegs ástands hans í kjölfar sveltis. Einnig er á það að líta, að af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins var ákveðið að sleppa kærða lausum úr haldi síðdegis þann 23. þ. m., svo sem að framan greinir.

Með hliðsjón af framansögðu þykir ekki vera einsýnt, að gæsluvarðhald sé til þess fallið að tryggja framgang geðrannsóknar, eins og á stendur, og þykir því ekki rétt að svo stöddu að úrskurða kærða í gæsluvarðhald. Verður kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins þar um því synjað.

Í 69. gr. laga nr. 74/1974 eru ákvæði um það, hvenær gæsluvarðhaldi megi ekki beita, og til hverra úrræða verði gripið í þess stað. 4. t. l. greinarinnar tekur til sjúklinga, vanfærra kvenna og kvenna með barn á brjósti. Ekkert liggur fyrir um það, að kærði sé ekki heilbrigður, og verður kröfu um geymslu hans samkvæmt þeim tölulið því þegar af þeirri ástæðu synjað. Telja verður varhugavert að ætla að vista mann, sem grunaður er um refsivert athæfi, gegn vilja hans á geðsjúkrahúsi, án þess að nokkuð liggja fyrir um, að hann sé geðsjúkur.

Samkvæmt 41. gr. laga nr. 74/1974 er mönnum skylt að viðlögðum sektum að veita lögreglu lið í þarfir opinberrar rannsóknar, enda sé það þeim að meinalausu. Ákvæði þetta tekur til lækna jafnt sem annarra. Ekki hefur reynt á það í máli þessu, hvort yfirlæknar Kleppsspítalans í Reykjavík muni f. h. spítalans skorast undan að rannsaka geðheilbrigði kærða. Þeim var í gær gefinn kostur á að tjá sig um kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins að því leyti sem hún laut að þeim, en þeir sáu sér ekki fært að koma fyrir dóminn.

Dómurinn lítur svo á, að úrskurður um skyldu læknanna að þessu leyti sé óþarfur, a. m. k. að svo stöddu, og þykir því verða að vísa kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um þetta atriði frá dómi.

#### Úrskurðarorð:

Kærði, Helgi Hóseasson, skal sæta geðheilbrigðisrannsókn.

Kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald eða geymslu kærða á Kleppsspítalanum í Reykjavík er synjað.

Kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um skyldu yfirlækna Kleppsspítalans f. h. spítalans til að annast geðheilbrigðisrannsókn á kærða er vísað frá dómi.

---

Mánudaginn 5. október 1981.

Nr. 35/1981. **Hjörleifur Hallgríms og  
Guðrún Hjörleifsdóttir**  
gegn  
**Ómari Hallssyni**  
og gagnsök.

Mál fellt niður. Málskostnaður.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason.

Er mál þetta kom fyrir á dómþingi 2. þ. m., óskuðu aðaláfrýjendur, að mál þetta yrði fellt niður.

Gagnáfrýjandi samþykkti það, en krafðist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta er því fellt niður, en rétt er, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 600.00 krónur.

#### **D ó m s o r ð:**

Mál þetta er fellt niður.

Aðaláfrýjendur, Hjörleifur Hallgríms og Guðrún Hjörleifsdóttir, greiði gagnáfrýjanda, Ómari Hallssyni, 600.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

---